

## 251. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

<b>Fundarefni:</b>	Skv. dagskrá fundar		
<b>Fundardagur:</b>	07.03.2017	<b>Fundartími:</b>	16.00 – 18.00
<b>Fundarstaður:</b>	Mannvirkjastofnun	<b>Fundarritari:</b>	Kristján Oddur
<b>Fundarmenn:</b>	Kristján Ottósson (KO), Jón Sigurjónsson (JS), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Jón Guðmundsson (JG), Svavar T. Óskarsson (STÓ)		
<b>Forföll:</b>	Gunnar Sigurðsson (GS), Birgir Hólm (BH) og Gunnlaugur Jóhannesson (GJ).		

1. Fundur settur.
2. Fundargerð stjórnar nr. 250. Engin athugasemd við síðustu fundargerð.
3. Lofsvert Lagnaverk. Viðurkenning fyrir lofsvert lagnaverk rædd. Stjórn óskar eftir upplýsingum frá Viðurkenningarnefnd. Þórður Búason mun upplýsa stjórnina síðar.
4. Skoðunarhandbækur. JG kynnti þá vinnu sem Mannvirkjastofnun hefur verið að vinna varðandi skoðunarhandbækurnar. Vinnan er mislangt á veg komin og ekki er búið að leysa endanlega útfærslu á úttektum frá Skoðunarstofum.  
Töluverð umræða var á fundinum um hvar ábyrgðin á lokafrágangi lagnakerfa lægi og hvernig hægt væri að koma því inn í núverandi regluverk Mannvirkjastofnunar.  
Ljóst er að ekki er fjallað um þennan mikilvæga þátt í afhendingu kerfanna að neinu viti í núverandi skoðunarhandbókum. Þá vantar alla umfjöllun um handbók hússins, skv. 16. grein Byggingarreglugerðar.  
KO lagði til að þrígja manna nefnd, með KO, KOS og STÓ myndi fara yfir málið.